

Frístundastyrkir barna í Sveitarfélaginu Ölfusi

Reglur og skilyrði

1. grein

Markmið og tilgangur.

Meginmarkmið frístundastyrks til barna í Sveitarfélaginu Ölfusi er að tryggja að börn og unglingar á aldrinum 6–18 ára og unglingar í sveitarfélaginu geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi og að foreldrum þeirra og forráðamönnum verði gert auðveldara að standa straum af þeim kostnaði sem af þátttökunni hlýst.

Frístundastyrkur er framlag sveitarfélagsins til greiðslu kostnaðar styrkþega vegna náms utan hefðbundins skólanáms, þátttöku í hverskonar barna- og unglिंगastarfi á vegum viðurkenndra félagasamtaka og tómsundastarfs.

Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttá-, lista- og tómsundastarfsemi.

2. grein

Ákvörðun styrkuppþæðar.

Árlega ákveður bæjarstjórn Ölfuss uppþæð og greiðslu frístundastyrkja. Skal fjárveitingin koma fram í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

3. grein

Skilyrði fyrir greiðslu styrks.

Að styrkþegi eigi lögheimili í sveitarfélaginu og sé á aldrinum 6-18 ára, miðað við fæðingarár.

Að um skipulagt starf, kennslu eða þjálfun sé að ræða af viðurkenndum aðila sem lagt hefur fram upplýsingar um starfsemi sína til íþróttá- og æskulýðsfulltrúa en sé að lámarki 6 vikna samfleytt starf að ræða. Sem dæmi um slíkt má nefna: tónlistarnám, íþróttáæfingar, leiklist, söngnám, leikjanámskeið, skólagarðar, sundnámskeið o.m.fl.

Styrkurinn getur aldrei numið hærri uppþæð en þeirri sem kemur fram á framlögðum greiðslukvittunum.

4. grein

Útborgun styrkja

Foreldrar/forráðamenn greiða fyrir frístundastarf barna sinna. Þeir sem uppfylla ofangreind skilyrði skulu leggja fram á skrifstofu sveitarfélagsins frumrit greiðslukvittunar og fylla út umsóknareyðublað sem þar liggur frammi.

Greiðslur styrkja verða greiddar inn á reikning viðkomandi foreldris/forráðamanns eins fljótt og unnt er en í seinasta lagi um næstu mánaðarmót.

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss X. desember 2016 og öðlast reglurnar þegar gildi 1. janúar 2017.

